

141. löggjafarþing 2012–2013.  
632. og 633. mál.

## Umsögn

um frumvarp til laga um kísilver í landi Bakka (fjárfestingarsamningur og ívilnanir) og frumvarp til laga um uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka (stækkun hafnar og veltenging).

Frá 1. minni hluta umhverfis- og samgöngunefndar.

Atvinnuveganefnd óskaði eftir því með tölvupósti, dags. 8. mars 2013, að umhverfis- og samgöngunefnd léti í té umsögn sína um frumvarp til laga um kísilver í landi Bakka (fjárfestingarsamningur og ívilnanir) og frumvarp til laga um uppbyggingu innviða vegna atvinnustarfsemi í landi Bakka (stækkun hafnar og veltenging).

Umhverfis- og samgöngunefnd hefur fjallað um málið og kynnt sér þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru samkvæmt frumvörpunum.

Eins og getið er um í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármála- og efnahagsráðuneytisins er umfang framkvæmdanna slíkt að hætt er við að áhrif á heildarumsvif ríkisins geti orðið slík að valdi niðurskurði eða samdrætti í framkvæmdum annars staðar á framkvæmdatíma.

1. minni hluti umhverfis- og samgöngunefndar leggur á það ríka áherslu að tryggt verði að framkvæmdirnar valdi ekki töfum á gildandi samgönguáætlun, enda fyrst og fremst um að ræða staðbundna styrkingu innviða vegna atvinnuátaks á svæðinu. Minni hlutinn leggur einnig ríka áherslu á að við framkvæmdirnar verði farið að lögum nr. 106/2000, um mat á umhverfisáhrifum, og skipulagslögum, nr. 123/2010, í hvívetna.

Mörður Árnason og Birgir Ármannsson voru ekki á móti afgreiðslu málsins.

Fjarverandi voru Ásmundur Einar Daðason, Árni Johnsen, Atli Gíslason og Róbert Marshall.

Alþingi, 8. mars 2013.

Ólafur Þór Gunnarsson, form.

Ólína Þorvarðardóttir.

Lilja Rafney Magnúsdóttir.